

Velferðarráðuneytið,
b.t. Kristjáns Þórs Júlíussonar, heilbrigðisráðherra,
Hafnarhúsinu
150 Reykjavík

Hafnarfjörður 3. febrúar 2016

Erindi: Nýtt hjúkrunarheimili, fjölgun rýma.

Í maí 2010 var undirritaður samningur milli velferðarráðuneytisins og Hafnarfjarðarkaupstaðar um byggingu og þátttöku í leigu hjúkrunarheimilis fyrir aldraða í sveitarfélaginu. Í samningnum er gert ráð fyrir 60 rýma hjúkrunarheimili og var nýja heimilinu ætlað að koma í stað hjúkrunarheimilisins að Sólvangi. Af ástæðum sem ekki er farið yfir hér hefur bygging hjúkrunarheimilisins dregist en áætlað var í upphafi að heimilið yrði tilbúið haustið 2012.

Ný verkefnastjórn um uppbyggingu hjúkrunarheimilisins tók til starfa árið 2015 í kjölfar hagkvæmniúttektar á staðsetningu heimilisins. Ákveðið var að heimilið rísi á Sólvangslóðinni. Hugmyndir hafa verið uppi um að nýta Sólvangshúsið sem þjónustumiðstöð fyrir eldri borgara og þar verði m.a. til húsa dagdvöl fyrir eldri borgara, sjúkraþjálfun, mötuneyti, félagsstarf o.fl., o.fl. Einnig hefur verið litið til þess að fjölga fyrirhuguðum rýmum úr 60 í 80 og nýta Sólvangshúsið fyrir þau 20 rými sem fengjust í viðbót.

Í bréfi frá velferðarráðuneytinu dagsettu 30. nóvember 2015 kemur skýrt fram að ráðuneytið fellst ekki á að farið verði í endurbætur á Sólvangshúsinu í þá veru sem þessar hugmyndir bæjaryfirvalda í Hafnarfirði ganga út á.

Hér með er skorað á ráðuneytið að endurskoða þessa afstöðu. Nú eru 58 rými á Sólvangi og myndi nýtt hjúkrunarheimili einungis bæta við tveimur nýjum rýmum skv. núverandi áætlunum. Ljóst er að mikil þörf er á höfuðborgarsvæðinu fyrir fjölgun hjúkrunarrýma og myndi þessi aukning koma til móts við þær þarfir. Einnig hefur verið sýnt fram á að rekstur 80 rýma hjúkrunarheimilis er mun hagstæðari fjárhagslega en rekstur á 60 rýmum. Að lokum má nefna að breytingar á Sólvangshúsinu sem myndu fela í sér 20 hjúkrunarrými kosta 2/3 af byggingarkostnaði nýs húss. Auk þessa eru ótvíræðir kostir samfara því að samnýta Sólvangshúsið hvað varðar þjálfunarrými, mötuneyti, félagsstarf eldri borgara o.fl.

Hér með er því krafist að ráðuneytið endurskoði fyrri afstöðu og fallist verði á fjölgun hjúkrunarrýma úr 60 í 80 í nýju hjúkrunarheimili í Hafnarfirði.



Verkefnastjórn hjúkrunarheimilisins að Sólvangi, Hafnarfirði

Helga Ingólfssdóttir, formaður
Guðlaug Kristjánsdóttir
Sigurður P. Sigmundsson
Birna Ólafsdóttir
Þórdís Bakkmann Kristinsdóttir
Elísabet Valgeirsdóttir
Gylfi Ingvarsson

Afrit sent þingmönnum Suðvesturkjördæmis.